

## Jafnréttisáætlun (mannréttindaáætlun)

Við í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra leggjum áherslu á að einstaklingar sem starfa við skólann, það er nemendur, kennarar og annað starfsfólk njóti jafnréttis og mannréttinda, að allir nemendur og starfsfólk komi að ákvörðunartöku í mikilvægum málefnum skólans sem og eigin störfum.

Jafnrétti til náms skal haft að leiðarljósi í öllu starfi skólans og tryggja skal jafnræði óháð kyni, fæðingarlandi aldri, fötlun, stétt, stöðu og búsetu. Stefna þessi nær einnig til samskipta gagnvart foreldrum og nærsamfélaginu.

### Jafnrétti

Í aðalnámskrá er litið svo á að jafnrétti sé einn af grunnþáttum menntunar. Á fundum kennara í febrúar og mars 2014 fór fram lestur og umræða um jafnrétti. Þá komu fram atriði og óskir skólastjóra og kennara um viðmið í stefnu skólans varðandi jafnrétti. Úr því sem þar kom fram hefur skólastjóri orðað stefnu í jafnréttismálum og gert aðgerðabundna áætlun sem var endurskoðuð haustið 2015. Þessa áætlun hafa kennarar samþykkt.<sup>1</sup> Jafnréttisáætlunin nær til nemenda og starfsfólks í skólanum og tengist kyni, fæðingarlandi, búsetu og staðsetningu, trúarbrögðum, aldri, fötlun og endurmenntun kennara. Jafnrétti á að einkenna samskipti á milli starfsmanna, gagnvart nemendum og foreldrum og nemenda á milli. Á fundunum komu fram leiðir sem hægt er að fara til að auka á jafnrétti í skólastarfinu.

Aðgerðaáætlunin snýr að auknu jafnrétti í skólanum fyrir skólaárið 2015 – 2018. Hún er fyrst og fremst mótuð út frá þeirri hugsun að verið er að bregðast við ríkjandi ástandi eða að við viljum gera betur í starfi okkar. Jafnréttisáætlunin sem byggir á ákvæðum laga um jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008 nær jafnt til karla og kvenna sem vinna innan skólans, Aðalnámskrá Grunnskóla frá 2011 og Kjarasamningi grunnskólakennara.

Markmið 22.grein	skv.	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að nemendur eða starfsfólk verði fyrir kynbundnu eða kynferðislegu		Vinna að viðhorfsbreytingu Ferill sem tekur á ofbeldi er hluti af	Skólastjóri Umsjónarkennarar í samstarfi við Jafnréttisnefnd Borgarfjarðar	Ágúst2018

<sup>1</sup> Skólastjóri sendi plaggið í tölvupósti til kennara, þeim var gert að yfirvega hana og koma með tillögur að breytingum áður en hún var send skólanefnd.

áreiti.	eineltisáætlun skólans frá 2015		
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
<b>Kynbundið ofbeldi</b> Að koma í veg fyrir að kynbundið eða kynferðislegt ofbeldi eigi sér stað meðal nemenda.	Veita fræðslu um kynbundið ofbeldi, staðalímyndir og kynjuð hlutverk . Áhersla í skólastarfinu á að kennarar leiðbeini um og kenni nemendum samskipti og að nemendur fái mörg tækifæri til að stunda margbreytileg samskipti.	Umsjónarkennari	Skólaárið
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
<b>Búseta</b> Vinna gegn því að nemendur og starfsfólk líði fyrir einangrun staðarins, fólksfæð og fábreytni varðandi tækifæri til náms og endurmenntunar.	Að árleg menningarferð verði sem náms og skemmtiferð hluti af skólahaldi og námi nemenda.  Að val nemenda sé fjölbreytt og óbundið staðalímyndum kynja	Starfsmenn sem koma að <b>skóladagatalsgerð</b> Skólastjóri, kennarar í samráði við nemendur og foreldra.	Vor/haust  Á skólaárinu að vori  Vor

	<p>Að gestakennarar séu fengnir til að auka á fjölbreytileika í kennslu og endurmenntun</p> <p>Að kennarar nýti sér forrit á borð við „Skype“ og fjarfundarbúnað í auknum mæli við kennslu.</p> <p>Farið er í náms og skemmtiferð til Danmerkur með eldri nemendum, annað hvert ár eða eftir því sem við á</p> <p>Að tekið sé þátt í verkefnum á borð við Þjóðleik.</p> <p>Tekið er þátt í ýmsum öðrum minni verkefnum þar sem gert er ráð fyrir að gestir komi. Tónlist, myndlist, dans ræðumennska, skák og fleira.</p> <p>Að gera</p>	<p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri í samráði við kennara</p> <p>Kennarar</p> <p>Umsjónarkennari eldri og annar starfsmaður skóla</p> <p>Leiklistarkennari eða annar kennari</p> <p>Mat Skólastjóra og kennara eftir framboði og stefnu skólans</p>	<p>Vor</p> <p>Frá og með hausti 2014</p> <p>Að vori eftir því sem við á</p> <p>Annað hvert ár</p> <p>Skólaárið eftir framboði</p>
--	------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------

	<p>endurmenntunaráætlun og hún gerir ráð fyrir að</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1) Að tækni sé nýtt við kennslu og endurmenntun.</li> <li>2) Að kennarar hafi möguleika á að fara á námskeið sem bjóðast.</li> <li>3) Að kennarar fari í skólaheimsókn til annars skóla að vori/hausti.</li> <li>4) Að endurmenntun kennara ráðist af stefnu skólans, hæfni kennara og stuðli að framþróun þeirra og skólastarfsins</li> <li>5) Að öðru starfsfólki gefist kostur á endurmenntun.</li> </ol>	<p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Kennarar</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Starfsfólk</p>	<p>Haust</p> <p>Skólaárið 2014-2015</p>
--	-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------	-----------------------------------------

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p><b>Tvítýngdir nemendur</b></p> <p>Að auka á jákvætt</p>	Fjölbreytileiki		Skólaárið

<p>viðhorf gagnvart fjölbreytileika og læra að líta á sérkenni sem styrkleika</p>	<p>nemenda, starfsmanna og foreldra sé gerður sýnilegan í skólanum og leikskólanum og fjölbreytileika sé tekið fagnandi.</p> <p>Foreldraheimsóknir í tengslum við starfskynningu</p> <p>Umræður um uppruna fari fram</p>	<p>Skólastjóri Kennari</p> <p>Kennari sem sér um starfskynningu/ hóptíma</p> <p>Umsjónarkennarar</p>	<p>Á stundaskrá</p> <p>Á stundaskrá</p>
<p>Að þeir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku fái kennslu á því tungumáli</p>	<p>Nemendur sem hafa annað tungumál að móðurmáli eða eru tvítyngdir fái kennslu á því tungumáli á skólatíma ef kostur er</p>	<p>Íslenskukennarar Samfélagsfræðik. Sérkennsla Umsjónarkennarar Skólastjóri</p>	<p>Skólanámskrá, áætlanagerð kennara</p>
<p>Þeir nemendur fái aukna íslensku kennslu</p>	<p>Efla íslenskukennslu í leikskólanum og grunnskólanum með tilliti til þeirra nemenda.</p> <p>Aukið foreldrasamstarf við</p>	<p>Íslenskukennari / sérkennari</p> <p>Umsjónarkennari</p>	<p>Skólaárið</p>

<p>Að allir nemendur geti valið að sníða úrvinnslu verkefna sinna eftir eigin óskum og hæfileikum. fæðingarstað.</p>	<p>Þá foreldra</p> <p>Kennarar séu meðvitaðir um að nota fjölbreytta kennsluhætti og að val nemenda á úrlausnum verkefna sé haft að leiðarljósi við skipulag kennslu</p>	<p>Umsjónarkennarar og fagreinakennarar í samstarfi</p>	
----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------	---------------------------------------------------------	--

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
<p><b>Sérkennsla</b></p> <p>Að auka á jafnræði og réttindi nema með sértæka námsörðugleika.</p> <p>Að tryggja sérkennslunemendum sérkennslu eftir því sem við á frá leikskólaaldri</p> <p>Huga vel að ut anumhaldi sérkennslu og hafa hana gjarnan á einni hendi eða í höndum umsjónarkennara nemandans.</p>	<p>Að meta þörf fyrir sérkennslu gagnvart sértækum námsörðugleikum og íslensku í grunn og leikskóla</p> <p>Gera hreppsnefnd ljósa stöðuna í úrræðum varðandi aðstoð sérfræðinga. Á við í grunn- og leikskóla</p>	<p>Skólastjóri og kennarar.</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Skólastjóri Skólanefnd</p>	<p>Mat að vori</p> <p>Stundatöflugerð</p> <p>Haust</p>

Að reyna tryggja að gögn um nemendur sem koma frá öðrum skólum skili sér til okkar		Skólastjóri, umsjónark.	
Að gögn barna sem koma í tímabundna vistun á vegum félagsmálayfirvalda liggi fyrir og að upplýsingar um líðan, hagi og vandræði barnsins séu starfsfólki ljós.		Skólast. Umsjónark.	Eftir því sem við á
<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
<b>Aðgengi fatlaðra</b> Bæta aðgengi fatlaðra	Gera úrbótaáætlun sem miðar að því að bæta aðgengi fatlaðra	Skólastjóri	Skólaárið

<b>Markmið</b>	<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Tímarammi</b>
<b>Móttaka á nýjum nemendum</b> Bæta móttöku á nýjum nemendum og útbúa staðal sem kennarar geta miðað við.	Gera feril og gátlista um hvernig taka á á móti nýjum nemendum Virkja áætlun	Skólastjóri Umsjónarkennarar Skólastjóri	Vor 2015  Skólaárið

Yfirlit af kennurum og samþykkt eftir ábendingar þeirra haustið 2015.

## Kynbundið jafnrétti

### Menntun nemenda (með tilliti til 23.greinar jafnréttislaganna)

Grunnskóli Borgarfjarðar vinnur samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla frá 2011.<sup>2</sup> Kennarar skulu taka mið af markmiðum hennar sem lúta að jafnrétti kynjanna sem og öðrum jafnréttissjónarmiðum í öllum námsgreinum.

#### Hvernig:

- Við innleiðingu nýrrar námskrár, áætlanagerð og stefnumótun skólans sem stendur yfir fram til ársins 2016 skal þess gætt að nemendum sé ekki mismunað vegna kyns síns. (bæti þessu við 24.04.2014) Skólaárið 2015-2016 skulu allir kennarar og starfsmenn vera vakandi fyrir því að í skólanum eru fáar stelpur og hætta á misrétti er meiri en ef hlutfall stúlkna og drengja væri jafnara. Áhersla lögð á að undirbúa bæði kynin til jafnrar þátttöku í samfélaginu svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.
- Margvíslegar bjargar eru til varðandi námsgögn og skulu kennarar velja námsgögn sem miðla jafnrétti kynjanna. Kennarar skoði *gátlista* frá námsgagnastofnun til að styðjast við í leit og vali á námsefni frá hausti 2014.<sup>3</sup> Komi fram dæmi um ójafnrétti eða staðlaðar hugmynd um kynbundin hlutverk eða kynbundna hegðun í námsgögnum skal leitast við að ræða við nemendur um það sjónarmið.
- Fræðsla um staðalímyndir kynjanna skal vera markviss hluti af námi nemenda á öllum stigum. Kennarar skulu leitast við að brjóta niður hugmyndir um hefðbundin hlutverk kynja og staðalímynda við skipulag á kennslu og í vali á verkefnum. Umsjónarkennari/lífsleiknikennari/sá sem sér um samskiptatíma sér um að vinna markvisst með afbyggingu þessara hugmynda.
- Samskipti nemenda eru séð sem hluti af námi nemenda í skólanum. Kennsluaðferðir sem krefjast samskipta nemenda skulu vera notaðar til jafns á við einstaklingsbundin verkefni.
- Forvarnastarf varðandi kynbundið ofbeldi skal vera markviss hluti af kennslu umsjónarkennara á öllum stigum.
- Allir nemendur taka þátt í undirbúningi að viðburðum skólans og val í hópa því tengdu byggir ekki í öllum tilfellum á kyni þeirra, leitast er við að hópasamsetning henti verkefnunum frekar en að kyn ráði í hvaða hópi nemendur eru.

---

<sup>2</sup> Aðlögun að aðalnámskrá fer fram frá nóvember 2013 til vorsins 2016. Stefnumótun skólans og leikskólans fer fram samhliða. Drög að stefnu skólans verða kynnt í áföngum, vorið 2014, haustið 2014 og vor/haust 2015.

<sup>3</sup> Gátlistann er hægt að finna á netinu.



- Leikskóli: Börn leika með þau leikföng sem í boði eru og starfsmenn eru meðvitaðir um að hefta börnunin ekki í ákveðnum kynhlutverkum með vali á þemum og leikjum. Bækur og söngvar séu skoðaðir áður en þeir eru notaðir.

**Hver:** Kennarar

**Hvenær:** Haust, á við skólaárið

## Samskipti nemenda og starfsfólks

Daglegir starfshættir og umgengni við og meðal nemenda skulu einkennist af virðingu, réttlæti og jafnrétti. Allt starfsfólk skal gæta þess að nemendum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis. Í leik og starfi er leitast við að mæta þörfum nemenda í gegnum fjölbreytt verkefni og hverjum og einum nemanda er oft gefið tækifæri yfir skólaárið til að leysa verkefni sem hann á að leysa út frá eigin forsendum, löngun og hæfileikum. Leitast er við að hrekja þá hugsun að verkefni, hlutverk eða námsvið séu bundin kynhlutverkum. Starfsfólk er gert meðvitað um að skólinn getur átt stóran þátt í að njörva nemendur í ákveðin kynhlutverk. (Samráðsfundir allra starfsmanna frá og með hausti 2014)

Markmið einelti/jafnrétti	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að bæta samskipti meðal starfsmanna og auka samskiptaflæði og upplýsingagjöf	Starfsmannafundir allra starfsmanna 4-5 á skólaárinu	Skólastjóri	Skólaárið

## Náms og starfsfræðsla

Starfsfræðsla miðar að því að nemendur kynnist störfum sem unnin eru á Borgarfirði og í nágrennasveitarfélögum. Nemendur hljóta kynningu á störfum þeim sem foreldrar nemenda vinna og þeim störfum sem unnin eru á Borgarfirði. Í tíunda bekk fara nemendur í starfskynningu á sérstökum starfsdögum að vori og þeir hvattir til að fara á þá staði sem þau myndu vilja sjálf vilja vinna á eða prófa þau störf sem þau myndu vilja vinna við. Umsjónarkennari starfsfræðslu skal benda á hvaða störf séu álitin kvennastörf og hvaða störf teljast til karlastarf í almennri umræðu. Lagt er áhersla á að nemendur hafi val um hvaða starf sem þau hafa áhuga á burtséð frá kyni þeirra en jafnframt skulu þau kynna sér störf (amk. ¼ af dögum) sem eru ekki hefðbundin fyrir þeirra eigin

kyn. Það er: heimsæki vinnustað sem telst vera vinnustaður sem einkennist af því að vera vinnustaður hins kynsins.

### **Hvernig**

- Starfsfræðsla er hluti af námi (bundið í töflu með lífsleikni/samskiptum) í eldri deild (kannski og yngri): Foreldrar fengnir til að heimsækja skólann sem gestir og þeir kynna störf sín einu sinni í mánuði. Um leið kynnast nemendur atvinnulífinu hér á staðnum. Nemendur útbúa blað fyrir foreldra til að tala út frá að hausti og skipuleggja heimsóknirnar í samráði við umsjónarkennara) Þarna gefst nemendum tækifæri til að kynnast atvinnulífinu í samfélaginu og kynnast foreldrum annarra nemenda, og okkur að efla samskipti við samfélag foreldra og hér í kring.
- Sérstakir starfsdagar eru haldnir 4 daga á vordögum þar sem nemendur í 10.bekk fara í vinnustaðaheimsóknir og starfsfræðslu. ( eru haustin betri eftir samræmdu?)
- Leitast er við að kynna hefðbundin og óhefðbundin störf, störf einyrkjans, yfirmanna og launaðra starfsmanna.
- Rætt er við nemendur í eldri deild um framtíðar störf þeirra og tilheyrandi nám.
- Nemendur rannsaka kynjahlutföll og kynjaðar myndir í framsettum miðlum svo sem í fréttum og á netmiðlum allir nemendur.
- Foreldrar fá kynningu á þeim framhaldsskólum sem nemendum í 10 bekk stendur til boða í byrjun febrúar.
- Áhugasviðspróf er í boði fyrir nemendur 10.bekkjara. Slíkt próf er gert þegar farið er í -
- Skólaheimsóknir sem 10.bekkur fer í að vori tengist þessu fagi.
- Skype eða fjarfundarbúnaður verði notaður í kennslu til að auka á fjölbreytileika varðandi þá gesti sem kynna störf sín.

**Hver** : Umsjónarkennari í eldri deild og aðkeypt þjónusta námsráðgjafa.

**Hvenær**: Heimsóknir jafnt yfir skólaárið, annað þegar við á

### **Kynferðislegt og kynbundið áreiti:**

Nemendum er gert ljóst með markvissri kennslu og í skólareglum að kynbundið áreiti, kynferðislegt áreitni og annað ofbeldi sé rangt og meiðandi framferði sem líðst ekki í skólanum né annarsstaðar í samfélaginu.

### **Hvernig**

- Nemendur fá kynfræðslu og fræðslu um líkamsþroska sinn samkvæmt aðalnámskrá og markmiðum 6H heilsunnar, hjá skólahjúkrunarfræðingi og umsjónar/náttúrufræðikennara, á öllum skólastigum
- Nemendur fá fræðslu um hvað einkennir góð samskipti á öllum skólastigum hvort sem það eru hefðbundin samskipti eða tengist nánum samskiptum í parasambandi.
- Nemendur fá fræðslu um, einelti, áreiti og kynferðislegt ofbeldi í raunheimi og í netheimum.
- Nemendur fá margvísleg tækifæri til að eiga í heilbrigðum samskiptum við fullorðið fólk, yngri og eldri nemendur.
- Skólareglur kveði á um góð samskipti einstaklinga óháð kyni.
- Síur verði fengnar á tölvur skólans sem hindrar aðgengi að klámi og „óæskilegum vefsíðum“

**Hver:** Skólastjóri, kennarar og skólahjúkrunarfræðingur

**Hvenær:** Samkvæmt kennsluáætlun, skólanámskrá og skólareglur um góð samskipti.

## Samstarf milli heimilis og skóla

Starfsmenn skólans eru meðvitaðir í samskiptum sínum og skipulagningu á skólastarfi að þeir gefi báðum foreldrum og forráðamönnum tækifæri til að nálgast upplýsingar um barnið. Starfsmenn gæta þess að útiloka ekki annað foreldrið/forráðamanninn á grundvelli kyns þess.

## Hvernig

- Báðir foreldrar eru hvattir til að sýna námi barnsins áhuga, mæta á viðburði og í foreldraviðtöl. *Ath. Auglýsingar og viðburði*
- Reynt er að tryggja að upplýsingar um barnið, viðburði og fundi berist báðum foreldrum með því að við hafa rétta skráningu á netföngum beggja foreldra/forráðamanna. *Ath. Skráningu í Mentor að hausti.*
- Upplýsingar frá foreldrum sem koma á foreldrafundi berast til kennara og stjórnenda á skilafundi sem haldnir eru eftir foreldraviðtöl.
- Meðferð upplýsinga í tilfalli forsjárlausra foreldra skulu einkennast af virðingu við báða foreldra. Í slíkum tilfellum er ákvörðun um upplýsingagjöf tekin í samráði við skólastjóra og forsjárforeldrið.

**Hver:** Umsjónarkennari, starfsmaður leikskóla, starfsmenn skólans og skólastjóri.

**Hvenær:** Skólaárið

## Jöfn staða karla og kvenna, starfsmenn

22. grein jafnréttislaga kveður á um að atvinnurekendur og yfirmenn stofnanna eigi að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundið og eða kynferðislegt áreiti í skólanum vegna starfsmanna, nemenda eða skjólstæðinga á vegum skólans.

## Ráðstafanir í Grunnskóla Borgarfjarðar eystra

### Starfshættir

Í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við starfsfólk er lögð áhersla á að fólki sé ekki mismunað vegna kynferðis þeirra. Leitast er við að mæta þörfum einstaklinganna sem vinna við skólann óháð kyni. Kynjahlutfall meðal starfsmanna er nokkuð jafnt eins og er í skólanum (2014). Í honum kenna 2 konur en 3 karlar í mismunandi stöðuhlutfalli. Leiðbeinandi á leikskóla er kona, tónlistarkennari er karl. Skólaliði er kvenkyns. Á varamannabekkin (forfallakennsla) er ein kona. Skólastjóri er kona.

- Skólastjóra, kennurum sem og öðru starfsfólki ber að fylgja stefnu skólans um að skólabragur og samskipti einkennist af virðingu og góðum samskiptum á milli einstaklinganna sem í skólanum starfa.
- Í starfsmannakönnun að vori er spurt um hvort starfsmenn verði fyrir mismunun eða áreiti (frá vori 2014).
- **Auglýsingar**
  - Öll störf skulu vera, lögum samkvæmt, auglýst.
  - Auglýsingar birtast á vef skólaskrifstofu Austurlands sem og á vefsíðu sveitafélagsins hið minnsta, ef þurfa þykir eru störf auglýst á breiðari vettvangi.
  - Í auglýsingum um störf er höfðað jafnt til karla og kvenna og bæði kyn hvött til að sækja um.
  - Tekið skal mið af því við ráðningu að hafa kynjahlutfall sem jafnast. Þó skal ávallt hæfasti einstaklingurinn ráðinn til starfa.

**Hver :**Skólastjóri, allir starfsmenn

**Hvenær:** Þegar við á

- **Búseta/húsnæði**

- Ekki eru veittir styrkir eða ívilnanir vegna húsaleigu.
- Hreppsnefnd og/eða sveitastjóri aðstoðar við leit að húsnæði ef þarf en getur ekki ábyrgst að húsnæði sé fyrir hendi.
- Húsnæði í eigu hreppsins er ekki rýmt undir nýbúa.

**Hver:** Skólastjóri, hreppsnefnd

**Hvenær:** Þegar húsnæði losnar, annars eftir þörfum

- **Endurmenntun**

Konum og körlum sem vinna við skólann skal vera boðið upp á endurnámskeið sem samræmt stefnu skólans og sveitarfélagsins um skólahald en einnig fer endurmenntun eftir hæfni og þörfum hvers starfsmanns og eftir skapandi leiðum sem leitast er við að finna á skólaárinu.

- Við gerð endurmenntunaráætlunar skal gæta þess að mismunun eigi sér ekki stað
- Endurmenntun kennara er skráð jafnt og þétt af þeim sjálfum þeir skili inn skýrslu um það í starfsmannaviðtali
- Leitast er við að nýta tæknina til að sækja námskeið og litið er á endurmenntun sem meira en það að fara á námskeið.
- Reynt verður að haga hluta endurmenntunar þannig að kennarar fari í skólaheimsóknir og að þeir læri sem mest af þeim gestakennurum sem koma.

**Hver :** Skólastjóri

**Hvenær** Við gerð endurmenntunaráætlunar að vori

### **Laun**

Nauðsynlegt er að kanna laun starfsmanna annarra en kennara og athuga laun.

- Sömu laun fyrir sama starf, háð menntun og kjarasamningi
- Athuga þarf yfirvinnu og aðrar greiðslur

**Hver:** Skólastjóri

- **Samræming starfs og einkalífs**

Skólinn stuðlar að heilbrigðum lífsháttum starfsmanna með því að hvetja til hreyfingar og sanngjarns vinnuálags. Mikilvægt er að starfsmenn geti sinnt skyldum í einkalífi sem og í starfi sínu. Komið er til móts við starfsmenn um sveigjanleika í störfum og vinnutíma þar sem kostur er, komi það ekki niður á gæðum starfa þeirra.

Unnið vor 2014 af skólastjóra og kennurum skólans, í samstarfi við Jafnréttisstofu. Hluti af handbók starfsmanna 2014-2015, starfsáætlun 2015-2016.